

Fundargerð

Fimmtudaginn 18. nóvember 2010 kl. 10:30 var fundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um menningar og atvinnumál í A-Hún., á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Kári Kárason, Vignir Á. Sveinsson, Þóra Sverrisdóttir og Arnar Þór Sævarsson sem ritar fundargerð.

Adolf H. Berndsen, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2010
2. Fjárhagsáætlun 2011
3. Bréf frá Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna dags. 20. júní 2010
4. Bréf frá Byggðasafni Húnvetninga og Strandamanna dags. 11. nóvember 2010
5. Atvinnumál
6. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2010

Fjármálastjóri Blönduósbæjar mætti á fundinn. Framkvæmdastjóri ásamt fjármálastjóra Blönduósbæjar fóru yfir endurskoðaða fjárhagsáætlun 2010.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2010 er samþykkt samhljóða.

2. Fjárhagsáætlun 2011

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að fjárhagsáætlun 2011. Umræður urðu um áætlunina. Fram komu athugasemdir og ábendingar varðandi einstaka liði í fjárhagsáætluninni. Fjármálastjóri mun lagfæra áætlunina í samræmi við framkomnar ábendingar.

3. Bréf frá Byggðasafni Húnvetninga og Strandamanna dags. 20. júní 2010

Á fundi stjórnar Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna þann 18. júní sl. var fjallað um skuld Héraðsnefndar A-Hún sem kemur fram í ársreikningi safnsins, hluti skuldarinnar eða 1.449.500 kr. af 1.877.673 kr. er gömul skuld sem var stofnað til vegna viðhalds á safninu um og fyrir árið 2001. Óskað er eftir að byggðasamlagið greiði upp skuldina.

Stjórn byggðasamlagsins hafnar erindinu þar sem tilurð þessarar skuldar er vegna framúrkeyrslu við framkvæmdir og ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

4. Bréf frá Byggðasafni Húnavetninga og Strandamanna dags. 11. nóvember 2010

Stjórn Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna óskar eftir aukafjárveitingu frá byggðasamlaginu sem mótframlag til að mæta styrkveitingum frá annars vegar Menningarráði Norðurlands vestra og hins vegar frá Vaxtarsamningi Norðurlands vestra. Mótframlag byggðasamlagsins myndi vera kr. 350.000.

Byggðasamlagið samþykkir erindið og vísar því til fjárhagsáætlunnar 2011.

5. Atvinnumál

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi gagnaver á Blönduósi.

6. Önnur mál

Formaður greindi frá ósk forstöðumanns Heimilisiðnaðarsafnsins um að byggðasamlagið taki að sér fjárhagsleg samskipti við safnið í stað einstakra sveitarfélaga.

Framkvæmdastjóra falið að senda bréf á aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins og óska eftir að þau taki umrædda ósk forstöðumannsins til umfjöllunar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:15